

# ÁRSSKÝRSLA 2019



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS

A construction worker wearing a yellow hard hat and safety gloves is using a yellow level on a wooden frame. The worker is looking upwards and to the right. The background shows a wooden structure under construction.

**LEIÐANDI Í AÐ GREINA,  
META OG AUKA HÆFNI  
Í ATVINNULÍFINU**

# EFNISYFIRLIT

- 4 FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA
- 5 TÍMAÁS
- 8 STARFSEMI
- 12 HÆFNI Á VINNUMARKAÐI
- 19 RÁÐGJÖF UM NÁM OG STÖRF
- 22 GÆÐI Í FRAMHALDSFRÆÐSLU
- 24 ERLENT SAMSTARF
- 28 KYNNINGARMÁL
- 29 REKSTUR

**Maí 2020**

**Útgefandi:** Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

**Ritstjórn:** Jóna Valborg Árnadóttir og Fjóla María Lárusdóttir

**Hönnun og uppsetning:** Tómas Bolli Hafþórsson





## FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

Á undanförunum árum hefur verið unnið að stefnumótun fyrir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Í þeirri vinnu var tekið mið af mögulegum áhrifum sjálfvirknivæðingar í kjölfar fjórðu iðnbyltingarinnar á íslenskan vinnumarkað. Hverjar verða afleiðingarnar fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar, þá sem hafa minnstu formlegu menntunina? Að stefnumótuninni hafa komið bæði stjórn og starfsmenn FA. Stöðugt er unnið að endurbótum á stefnunni því aðstæður breytast hratt og eru oft ófyrirsjáanlegar. Þó liggur fyrir að það verða miklar breytingar og hefur starf FA tekið mið af því á árinu 2019 og verður svo áfram.

Ég vil nefna nokkur verkefni sem FA hefur unnið að sem hafa það að markmiði að gera aðilum vinnumarkaðarins, eigendum FA, kleift að mæta þeim miklu áskorunum sem blasa við. Í fyrsta lagi hefur Hæfnisetur ferðapjónustunnar, verkefni

kostað af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og hýst hjá FA, ótvírætt sannað gildi sitt á árinu. Annars vegar með vandaðri samantekt á óskum ferðapjónustunnar um nám í formlega kerfinu sem eyðir blindgötum og mun búa allan þorra starfsmanna undir störf í þessari mikilvægu atvinnugrein. Í lok árs hófst vinna við að hrinda þessum tillögum í framkvæmd undir forystu Hæfnisetursins. Hins vegar með markvissum heimsóknum og stuðningi starfsmanna Hæfnisetursins við fræðslu inni í fyrirtækjum í ferðapjónustu. Bæði verkefnið miða að því að samhæfa betur nám við þarfir atvinnugreinar við síbreytilegar aðstæður.

Í öðru lagi má nefna tilraunaverkefnið Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins sem dæmi um framsækið verkefni á árinu sem tekur mið af auknu vægi fyrirtækja og stofnana í að leiða hæfni- og starfsþróun á komandi árum. Raunfærnimat af þessu tagi metur hæfni einstaklinga til að sinna verkefnum tiltekinna starfa þar sem sérstök námskrá er ekki í boði. Má þar nefna þjónustu í sal á minni veitingastöðum og þjónustufulltrúa í opinberum stofnunum. Hæfniviðmiðin byggja á hæfnigreiningu og starfaprófil samkvæmt aðferð sem FA hefur þróað. Mikil ánægja er með verkefnið af hálfu fyrirtækja og starfsmanna þeirra og eru þess dæmi að fyrirtæki vilji setja töluvert fleiri úr starfsmannahópi sínum í raunfærnimat en möguleiki er að sinna. Fræðslusjóður greiðir þróunarkostnað verkefnisins.

Fleira markvert má telja til sem rekja má til viðbragða FA og framhaldsfræðslunnar við komandi áskorunum tæknibreytinga í nútíð og framtíð. Upplýsinga- og ráðgjafarvefurinn Næstaskref.is er þar á meðal en á árinu var ný útgáfa kynnt og heimsóknir á vefinn margfölduðust á stuttum tíma í kjölfarið. Við sjáum fyrir okkur að vefurinn geti nýst æ fleirum, ekki bara markhópi framhaldsfræðslunnar, heldur líka nemendum á öllum skólastigum, símenntunarmiðstöðvum og almenningi.

Þannig er starf FA í sífelldri þróun sem er samtímis mjög spennandi og afar nauðsynlegt fyrir þróunarsetur í fræðslu fullorðinna. FA hefur á að skipa hugmyndaríku og lausnamiðuðu starfsfólki sem gerir starf FA árangursríkt og skemmtilegt. Ég vil þakka starfsfólki, stjórn og eigendum FA kærlega fyrir samstarfið á árinu. Okkur eru allir vegir færir.

### Sveinn Aðalsteinsson

framkvæmdastjóri

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sveinn Aðalsteinsson', written over a light blue horizontal line.

Verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) eru margvísleg og samskiptanetið er stórt. FA vill eiga gott samstarf við samstarfsaðila og hvetur til samtals á sem fjölbreyttustum vettvangi. Í starfinu er lögð áhersla á að ná til sem flestra í markhópnum og hlusta eftir þeirra þörfum. FA vinnur að leiðum til náms- og starfsþróunar, hvetur til þróunar á hæfni og veitir stuðning í því ferli. Þá miðlar FA jafnframt upplýsingum um árangur starfsins og tekur þátt í innlendu og erlendu samstarfi, þar sem hagsmunir atvinnulífsins og markhópsins eru í fyrirrúmi.

Hér má líta á brot af því helsta sem bar til tíðinda í starfsemi FA á árinu.

## JANÚAR

- 8. Fundur hjá innanlandshópi NVL nets um grunnleikni.
- 31. Lokið við gerð ársskýrslu fyrir VISKA verkefnið og hún afhent.
- 31. Menntamorgunn ferðabjónustunnar, íslenskan gerð að umfjöllunarefni.

## FEBRÚAR

- 1. Fagorðalisti ferðabjónustunnar kemur út.
- 7. Fulltrúar fræðsluaðila og starfsmenntasjóða funda með Hæfnisetrunu.
- 15. Endurmenntunarnámskeið fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga.
- 18. Vefurinn Næsta skref kynntur nemum í náms- og starfsráðgjöf HÍ.
- 18. Samstarfsfundur með ráðgjöfum framhaldsfræðslunnar.
- 19. Vefurinn Næsta skref kynntur á málþingi HÍ um rafræna ráðgjöf.
- 20. Vefurinn Næsta skref kynntur á Mennta- og starfatorgi Flensborgarskóla.
- 21. Fundur íslenskra fulltrúa í netum NVL.
- 26-27. Námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati.
- 27. Fundur norræna tengiliða NVL á Íslandi.
- 28. Kynning á FA og tengingu við stefnu ESB í menntamálum á norrænum fundi.



Fjölbreyttur hópur fyrirlesara tekur þátt í viðburðum FA.

## MARS

- 1. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar Fræðslusjóðs og úthlutanir ársins staðfestar.
- 11. Kynning á hæfnigreiningum fyrir starfsþróunarnefnd BSRB.
- 12. Fjarfundaerindi fyrir tengslanet ASÍ um Næsta skref.
- 15. Ársskýrsla Hæfniseturs ferðabjónustunnar kemur út.
- 19. Ferðamálaráðherra og menntamálaráðherra koma saman að kynningu á fagorðalista ferðabjónustunnar.
- 20.-23. Vefurinn Næsta skref kynntur á ráðstefnu í Búdapest um evrópska gagnagrunna um nám og störf.

## APRÍL

- 8. Starfsfólk Hæfniseturs ferðabjónustunnar tekur þátt í samhringingi ferðabjónustuaðila á Snæfellsnesi.
- 10. Fundur með innanlandshópi NVL nets um raunfærnimat.
- 12. Stefnuþótunarfundur vegna ráðgjafar fyrir fullorðna út frá niðurstöðum GOAL verkefnisins.
- 30. Vinnufundur með undirbúningsnefnd Raunfærnimatstvíæringsins.



Þátttakendur NVL á málstofu um raunfærnimat í atvinnulífinu.

## MAÍ

- 7.-8. Erindi og málstofur FA á Raunfærnimatstívaeringnum í Berlín, yfir 20 þátttakendur frá Íslandi.
- 10. Ársskýrsla FA kemur út.
- 15. Bæklingur um hæfnigreiningar kemur út á íslensku og ensku.
- 20. Skýrslan Hæfni er grunnur að gæðum, innlegg í mótun mennta- og hæfnistefnu ferðapjónustunnar, kynnt.
- 21. Kynning á starfsemi FA á málstofu hæfniþróunarnets NVL í Stokkhólmi.
- 22. Kynning á raunfærnimati og ráðgjöf í tengslum við AEPRO Evrópuverkefnið, í samstarfi við IDUNA fræðslusetur.

## JÚNÍ

- 4. Rannsóknarniðurstöðum um ráðgjöf í raunfærnimati skilað til umsjónaraðila verkefnis á vegum CEDEFOP.
- 18.-19. Þátttaka í fundi á vegum AEPRO Evrópuverkefnisins um leiðir til hæfniþróunar fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.
- 20. NVL net um grunnleikni kynnt fyrir Starfsmennt í tengslum við erlent samstarfsverkefni um notkun rafrænna verkfæra í námi.
- 24. Ný vefsíða Hæfniseturs ferðapjónustunnar fer í loftið.

## JÚLÍ

- 26. Niðurstöður GOAL verkefnisins um ráðgjöf fyrir fullorðna kynntar á landsráðstefnu alþjóðasamtaka í fræðslumálum.



Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður nefndar forsætisráðherra um fjórðu iðnbyltinguna, á ársfundi FA.



Náms- og starfsráðgjafar framhaldsfræðslunnar samkomnir.

## ÁGÚST

- 14. Nýtt verkfæri í verkfærakistu Hæfnisetursins kemur út, Fiskabúrið.
- 23. Erindi FA á NVL málstofu fyrir kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál.
- 28. Framkvæmdastjóri FA heldur erindi um áhrif tæknibreytinga á störf markhóps framhaldsfræðslunnar á 20 ára afmælishátíð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.
- 29. Samráðshópur hagsmunaaðila í VISKA verkefninu fundar um raunfærnimat fyrir innflytjendur.

## SEPTEMBER

- 3.-4. Námsheimsókn til Tromsø, kynning á vefnum Utdanning.no á vegum Kompetanse Norge.
- 5.-6. Námskeið fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga.
- 10.-11. Fyrsti fundur í Erasmus KA2 verkefninu Enterprised haldinn, um hæfniþróun í ferðapjónustu.
- 16.-20. Nemar í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands í starfsþjálfun hjá FA.
- 18. Málstofa um raunfærnimat í atvinnulífinu haldin með NVL. Fulltrúar FA flytja erindi.
- 19. Kynning á FA fyrir fulltrúum ráðuneyta, menntamála og stéttarfélaganna frá Færeyjum.
- 24. Starfsemi FA og NVL á Íslandi kynnt fyrir fulltrúum alþjóðfræðslusambanda frá Noregi.
- 24.-25. Þátttaka í fundi og kynningum í Brussel á vegum evrópsku fullorðinsfræðslusamtakanna í tengslum við AEPRO Evrópuverkefnið.
- 26. Fagorðalisti ferðapjónustunnar hlýtur viðurkenningu Íslenskrar málnefndar.
- 26.-27. Samstarfsfundur með ráðgjöfum framhaldsfræðslunnar.





Indverski sendiherrann í höfuðstöðvum FA í Skipholti.



Frá vinnustofu um raunfærnimat í atvinnulífinu.

## OKTÓBER

2. Kynning á áherslum FA og samstarfi á haustfundi Kvasis.
3. Málstofa um arðsemi fjárfestingar í þjálfun og símenntun (ROI) haldin í Reykjavík, á vegum NVL, FA og SAF.
8. Fjarfundaerindi um raunfærnimat í gegnum AEPRO Evrópuverkefnið.
10. Flott færni - skapandi vinnustofa fyrir ungt fullorðið fólk í Borgarleikhúsinu, haldin af NVL.
10. Gátt fer í loftið á nýjum vef.
14. Raunfærnimat kynnt á málstofu evrópsku starfsmenntavikunnar.
- 15.-16. Námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati.
24. Menntamorgunn ferðabjónustunnar, áhersla á millistjórnendur og stjórnendafræðslu.
29. Kynning á VISKA verkefninu í félagsmálaráðuneytinu.
31. Landsskýrsla VISKA verkefnisins fullunnin af FA, IÐUNNI fræðslusetri og Menntavísindasviði HÍ.

## NÓVEMBER

5. Indverski sendiherrann, T Armstrong Changsan, heimsækir Hæfnisetrið.
5. Raunfærnimat á móti viðmiðum starfa kynnt fyrir Menntanefnd BSRB.
- 6.-7. Námskeið fyrir verkefnastjóra í verkefninu Fræðsla í ferðabjónustu.
8. Vinnustofa um raunfærnimat í atvinnulífinu með matsaðilum í verslun.
14. Framkvæmdastjóri FA heldur erindi á ráðstefnu í Kaupmannahöfn um hæfni leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu á vegum NVL.
27. Fundur um klasasamstarf á Suðurnesjum.
27. Hæfnigreining á starfi millistjórnanda í ferðabjónustu.
28. Ársfundur FA haldinn á Grand hóteli undir yfirskriftinni: Framtíðin hér og nú.
28. Samstarfsfundur með framkvæmdastjórum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva.
30. Starfapróflar fyrir starf vöruþróunarstjóra og starf viðburðastjóra birtir á vef FA.

## DESEMBER

3. Rýnihópafundur um hæfnipróun með fulltrúum atvinnulífsins og verkefnastjórum í fullorðinsfræðslu, hluti af Evrópuverkefninu Enterprised.
10. Innlegg um náms- og starfsfræðslu á málþingi HR um frumkvöðlakennslu.

# 1

## STARFSEMI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) er samstarfsvettvangur og verkfærasmíðja í fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Hlutverk FA er að veita fólki á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið prófi frá framhaldsskóla tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína. Þessu hlutverki sinnir FA með því að vera leiðandi í að greina, meta og þróa leiðir og aðferðir til að auka hæfni á vinnumarkaði í samstarfi við atvinnulífið. FA nýtir sér erlend tengslanet um nám fullorðinna í þróunarvinnu sinni. Áhersla er lögð á vandaðar afurðir og lausnamiðaða ferla til að stuðla að eflingu hæfni í landinu. FA starfar á grundvelli þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið um verkefni á sviði framhaldsfræðslu samkvæmt lögum nr. 27/2010. Fræðslusjóður starfar á grundvelli sömu laga og annast FA umsýslu með honum. FA er í eigu SA, ASÍ, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.


### HELSTU VERKEFNI FA ERU AÐ:

- Greina hæfnikröfur starfa á vinnumarkaði
- Þróa raunfærnimat og styttri námsleiðir á landsvísi
- Auka framboð á vottuðu námi
- Efla ráðgjöf um nám og störf, meðal annars í gegnum vefinn Næstaskref.is
- Tryggja gæði í starfi fræðsluaðila í framhaldsfræðslu

Megnið af verkefnum FA falla innan verkefnastofna þróunar á verkfærum framhaldsfræðslunnar. Hver verkefnastofn geymir fjölbreytt undirverkefni. Unnið er samkvæmt starfsáætlun hvers árs.

Uppgjör á framkvæmd ársins 2019 í vottuðum námsleiðum, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf fór fram samkvæmt skráningum í INNU, miðlægu upplýsinga- og kennslukerfi fyrir fræðsluaðila. Allar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar sem eru í samstarfi við FA hafa aðgang að kerfinu og skrá þar upplýsingar. Þeir sem nýta sér námsúrræði framhaldsfræðslunnar eða fara í raunfærnimat geta séð árangur sinn á Ísland.is.

### VERKFÆRI FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR





## FRÆÐSLUSJÓÐUR

Hlutverk Fræðslusjóðs er að stuðla að þróun viðeigandi náms- tækifæra fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, jafnframt að taka þátt í að skapa skilyrði svo sömu einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri. Þetta gerir sjóðurinn með því að veita framlög til fjögurra skilgreindra verkefnaflokka; vottaðra námsleiða, náms- og starfsráðgjafar, raunfærnimats og nýsköpunar- og þróunar. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipar Fræðslusjóði stjórn til fjögurra ára í senn og ber stjórnin ábyrgð á öllum afgreiðslum sjóðsins. Ný stjórn var skipuð í upphafi árs. FA sér um daglega umsýslu Fræðslusjóðs samkvæmt þjónustusamningi FA við ráðuneytið, þar á meðal bókhald, samskipti og samningagerð við þá sem fá styrki úr sjóðnum. Framlög til Fræðslusjóðs eru ákveðin í fjárlögum hvers árs.

Á árinu úthlutaði Fræðslusjóður samtals 848,1 m.kr. í fjóra verkefnaflokka.

Úthlutun Fræðslusjóðs	2019	2018
Vottaðar námsleiðir	539,6	557,2
Raunfærnimat	138,1	144,5
Náms- og starfsráðgjöf	135,7	147,8
Þróunarverkefni	34,7	62,7
<b>Samtals úthlutað</b>	<b>848,1</b>	<b>912,2</b>

Upphæðir eru í m.kr.

Frekari upplýsingar um stjórn, úthlutun og nýtingu fjármagns Fræðslusjóðs (verkefni og tölfræði) er að finna í ársskýrslu sjóðsins og á vef FA.

## SAMSTARFSAÐILAR

FA vinnur í þágu fólks á vinnumarkaði í samstarfi við aðila atvinnulífsins; stéttarfélag, fagfélög og fyrirtæki. Framkvæmd leiða er unnin í gegnum fjármögnun Fræðslusjóðs og samninga við 14 fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um land allt. Ásamt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið byggir starf FA á sérstökum samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um Hæfnisetur ferðaþjónustunnar. Að auki starfar FA með fjölbreyttum hópi sérfræðinga í Evrópu í gegnum ákveðin verkefni og tengslanet.



### Helstu samstarfsaðilar

Eigendur FA: SA, ASÍ, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga

Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Félagsmálaráðuneytið
Stéttar- og fagfélög	Fræðslusjóðir	Samtök atvinnurekenda
Norrænt tengslanet um nám fullorðinna	Starfsmenntasjóðir	Fræðsluaðilar/ framkvæmdaaðilar
Fyrirtæki	Erlend tengslanet í kringum þróunarvinnu	Menntamálastofnun (MMS)
Framhaldsskólar	Háskólar	Rannís



Framtíðin hér og nú var yfirskrift ársfundar FA sem haldinn var á Grand Hótel Reykjavík í lok árs. Aðalfyrirlesarar voru Huginn Freyr Þorsteinsson, formaður nefndar forsætisráðherra um fjórðu iðnbyltinguna, og Helena Mustikainen, sviðsstjóri hjá Sitra nýsköpunarsjóði í Finnlandi. Veittar voru viðurkenningar til fyrirmynda í námi fullorðinna og féllu þær í skaut Herdísar Rósu Sveinbjarnardóttur og Þrastar Heiðars Erlingssonar. Ársfundurinn var haldinn í samstarfi við Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).



## ÁRANGUR STARFSINS Á VETTvangi Framhalds- Fræðslunnar 2019

**RÁÐGJÖF  
UM NÁM OG STÖRF**  
Fjöldi viðtala  
með endurkomum

**9.448\***

**3.040\*\***

**VOTTAÐAR  
NÁMSLEIÐIR**  
Fjöldi einstaklinga  
sem fóru í nám

**556\*\*\***


**RAUNFÆRNIMAT**  
Fjöldi einstaklinga  
í raunfærnimati

\*Með framlagi Fræðslusjóðs 8.686 viðtöl  
\*\*Með framlagi Fræðslusjóðs 2.340 einstaklingar  
\*\*\*Með framlagi Fræðslusjóðs 467 einstaklingar





FA heldur úti heildstæðu upplýsinga- og ráðgjafarkerfi um nám og störf á vefsvæðinu **Næstaskref.is**. Þar er hægt að nálgast **280** stuttar almennar starfslýsingar auk lýsinga á um **150** námsleiðum í formlega skólakerfinu og upplýsingar um námsleiðir innan framhaldsfræðslukerfisins. Jafnframt má þar finna áhugakönnun, upplýsingar um raunfærnimat og vísi að rafrænni náms- og starfsráðgjöf.



Á árinu fjölgaði almennum notendum um rúm **80%** eða úr 20.325 í **37.441**.

Heimsóknir á vefinn voru alls **54.277**.

## ÖNNUR VERKEFNI

Hæfnisetur ferðapjónustunnar er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðapjónustu á Íslandi. Hæfnisetrið var stofnað árið 2017 og vistað hjá FA en atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið kostar verkefnið. Hæfnisetrið vinnur á forsendum ferðapjónustunnar og á í samstarfi og samtali við atvinnulífið, ferðapjónustufyrirtæki, fræðsluaðila, stjórnvöld og opinbera aðila. Hæfnisetrið gefur út sína eigin ársskýrslu og heldur úti vef undir hæfni.is.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL) er áætlun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá því að netið var sett á laggirnar árið 2005 og eru fulltrúar frá Íslandi í ýmsum sérfræðinetum á vegum þess. Samningur um tengslanetið gildir til loka ársins 2020. NVL gefur út sína eigin ársskýrslu.

### Fulltrúar FA taka þátt í fimm netum á vegum NVL

- Grunnleikni
- Hæfni í atvinnulífinu
- Raunfærnimat
- Ráðgjöf

Sérfræðinganet

- Hæfni leiðbeinenda

Þverfaglegt net



## HÆFNISETUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Frá stofnun Hæfniseturs ferðapjónustunnar árið 2017 hafa Hæfnisetrið og fræðsluaðilar

farið í **156** heimsóknir til fyrirtækja til að kynna verkefnið Fræðsla í ferðapjónustu

og komið á **91** samstarfssamningum sem taka til 2.900 starfsmanna fyrirtækjanna



# 2

## HÆFNI Á VINNUMARKAÐI

Með hæfnigreiningum FA eru tiltekin störf skilgreind, hæfnikröfur þess dregnar fram og þær tengdar við þrep í íslenska hæfniramm- anum. Hæfnikröfurnar eru viðmið sem eru notuð til að lýsa námi í námskrám sem vott- aðar eru af Menntamálastofnun (MMS) og nýttar af markhópnum og fyrirtækjum í gegn- um fræðsluaðila. Hæfnikröfur starfa og hæfni- viðmið í námskrám eru jafnframt nýtt í raun- færnimati til að draga fram og staðfesta þá færni sem einstaklingur býr yfir og stytta nám. Raunfærnimat á vettvangi framhaldsfræðsl- unnar á móti námskrám er fullbúið kerfi sem er beitt um allt land. Í því eru matsleiðir í yfir 50 námsbrautir framhaldsskóla og námskrár framhaldsfræðslunnar. Þar að auki fjölgar þeim sem fara í gegnum mat beint á móti viðmið- um starfa. FA hefur umsjón með kerfinu; aðferðafræði, þjálfun fagaðila, tölfraði og gæðamálum. Unnið er út frá lykilsetningunni: Ef þú kannt það, þá færðu það metið!



## HÆFNIGREININGAR

Á árinu voru gerðar sex hæfnigreiningar ýmist hjá FA eða samstarfsaðilum. Afraksturinn, í formi starfaprófíla, var settur í hæfnigrunn FA og þeir birtir á vef FA.

### Yfirlit yfir hæfnigreiningar 2019

Framkvæmdaraðili	Starf
FA – greining fyrir heilbrigðisráðuneytið	• Áfengis- og vímuefnaráðgjafi
FA – greining fyrir Hæfnisetur ferðabjónustunnar	• Millistjórnandi í ferðabjónustu
FA – greining fyrir samstarfsverkefni FA og HÍ	• Leiðbeinandi í fullorðinsfræðslu
SÍMEY – í samstarfi við FA vegna verkefnis um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins	• Móttaka á gististöðum
SÍMEY – í samstarfi við FA vegna verkefnis um raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins	• Þjónusta í veitingasal
SÍMEY	• Iðnverkamaður II í matvælaíðnaði







Hæfnigreiningar eru bæði unnar hjá FA og hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum sem hafa yfir að ráða þjálfuðum umsjónarmönnum hæfnigreininga. Niðurstöður hæfnigreininga eru yfirfarnar og metnar af sérfræðingum FA.

## GÆÐASTARF OG ÞRÓUN

Mikilvægt er að tryggja að tengiliðir og umsjónarmenn hæfnigreininga FA vinni í samræmi við verklag og að hæfnigreiningar fari fram með samræmdum hætti. Í því ljósi voru verkferlar við hæfnigreiningar skrásettir og lokið var við handbók fyrir tengiliði FA. Þá kom út fjórða útgáfa af handbók fyrir umsjónarmenn.

Kynningaráætlun fyrir hæfnigreiningar var unnin með það fyrir augum að kynna betur og víðar hvað í þeim felst og nýr kynningarbæklingur leit dagsins ljós.

Námskeið fyrir verðandi umsjónarmenn hæfnigreininga var haldið á árinu með góðri þátttöku fulltrúa frá samstarfsaðilum FA og öðrum hagsmunaaðilum. Krafa er um að umsjónarmenn greininga hafi lokið slíku námskeiði eða sótt sér aðra viðeigandi fræðslu á vegum FA. Þá var haldið endurmenntunarnámskeið fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga með áherslu á handbókina, samræmt verklag, hagnýt ráð og áskoranir. Námskeiðinu var fylgt eftir með stuttum fjarfundi. Drög að lýsingu á ferli/kerfi við gerð gátlista fyrir raunfærnimat út frá starfaprófi var unnin og ferlið prófað í tengslum við tilraunaverkefnið Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins.

## Helstu afurðir á árinu

- Sex hæfnigreiningar framkvæmdar af FA og samstarfsaðilum
- Tvö námskeið fyrir umsjónarmenn greininga


## NÁMSKRÁR

Áhersla var lögð á endurskoðun og þróun námskráa á árinu. Setja þarf námskrár á hæfniprep og skilgreina hæfniviðmið svo þær hljóti vottun í samræmi við lög um framhaldsfræðslu. Í tengslum við þá vinnu voru símenntunarmiðstöðvarnar heimsóttar á haustmánuðum.

Lokið var við námskrána Upplýsingatækni – Þjónusta og miðlun hjá FA. Veitt var ráðgjöf vegna tveggja námskráa í vottunarferli, Samfélagstúlkur hjá Mími-símenntun og Ferðabjónn hjá Fræðsluneti Suðurlands. Báðar námskrárnar byggja á niðurstöðum hæfnigreininga. Ráðgjöf og aðkoma FA er liður í þróun á verkferli til hagsbóta fyrir framhaldsfræðsluna. Námslýsing fyrir nám verslunarfulltrúa var unnin af FA ásamt drögum að nýjum námslýsingum fyrir smiðjur.

Á árinu var kennt samkvæmt 33 námskrám sem Fræðslusjóður fjármagnar hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum. Flestir sóttu nám í Menntastoðum eða alls 315. Námskráin Sterkari starfsmaður var einnig vinsæl en alls 223 sóttu nám sem var skipulagt samkvæmt henni.

Fjölmennustu námsleiðirnar 2019




## SÉRFRÆÐINGANET NVL UM GRUNNLEIKNI FULLORÐINNA

Í netinu var áhersla lögð á upplýsingatækni eins og árið á undan. Fundur var haldinn með innanlandshópi grunnleiknins í upphafi árs. Lokið var við skýrslu um grunnleikni fullorðinna í stafrænni færni á Norðurlöndum: Basic digital skills for adults in the Nordic countries.

## RAUNFÆRNIMAT

Alls gengu 556 einstaklingar í gegnum mat á raunfærni á vegum framhaldsfræðslunnar á árinu, 241 í iðngreinum og 315 í öðrum greinum. Raunfærni var metin á móti formlegu og óformlegu námi sem og viðmiðum atvinnulífsins, alls 37 leiðum í raunfærnimati. Um 16% af heildarfjölda þátttakenda í raunfærnimati voru innflytjendur. Samtals hafa 5.524 einstaklingar lokið raunfærnimati frá árinu 2004.

### Flestir fóru í gegnum raunfærnimat í eftirtöldum greinum



FA sinnir eftirfylgni, þróun og gæðamálum tengdum framkvæmd raunfærnimatsverkefna hjá framkvæmdaraðilum, safnar tölfraðilegum upplýsingum og sér um þjálfun fagaðila.

Undanfarið ár hefur gerð matslista fyrir raunfærnimat að mestu farið fram miðlægt hjá FA, í samstarfi við hagsmunaaðila, þar sem nýjustu útgáfur eru alltaf aðgengilegar. Unnið er samkvæmt samningi FA við Fræðslusjóð. Þar sem ekki er lengur um að ræða eina miðlæga námskrá fyrir námsbrautir framhaldsskólanna hefur nokkur óvissa ríkt varðandi matslistagerð í greinum þar sem fleiri en ein námskrá liggur fyrir. Þau mál leysast vonandi með einni viðmiðunarnámskrá eða samkomulagi á milli skóla sem bjóða upp á nám í þeirri grein sem um ræðir.



Raunfærnimatskerfi framhaldsfræðslunnar vekur eftirtekt utan landsteinanna. Á árinu komu 14 hópar erlendra gesta í heimsókn til FA til að kynna sér starfsemina.



Raunfærnimat 2019	Fjöldi	Hlutfall	Meðalaldur	Meðalfjöldi eininga	Fjöldi eininga	Konur	Karlar
Starfsnámsbrautir	275	49%	40,2	57	15.696	71%	29%
Iðngreinar	241	43%	36,7	50	12.016	7%	93%
Almenn starfshæfni	24	4%	40,9	Á ekki við	Á ekki við	75%	25%
Almennar bóklegar greinar	16	3%	37	13	200	19%	81%
<b>Samtölur</b>	<b>556</b>				<b>27.912</b>		

## NÝ TILMÆLI UM RAUNFÆRNIMAT ÞRÓUÐ

Raunfærnimatstíæringurinn var haldinn í Berlín í maí. Markmið ráðstefnunnar var að skapa vettvang fyrir Evrópuþjóðirnar til að deila þekkingu og hugmyndum varðandi þróun raunfærnimats. Einnig var unnið með framtíðarsýn málaflokksins sem CEDEFOP hefur tekið inn í uppfærslu á leiðbeiningum og tilmæli um raunfærnimat til þjóða Evrópu. Fulltrúar FA úr sérfræðinganeti NVL um raunfærnimat kynntu, ásamt framkvæmdastjóra FA, fjármögnun og utanumhald raunfærnimatskerfis á vettvangi framhaldsfræðslunnar.



## Helstu afurðir á árinu

- 14 matslistar til notkunar í raunfærnimati á móti námskrám
- Tvö hefðbundin námskeið fyrir fagaðila í raunfærnimati
- Fjórir fjarfundir með samstarfsaðilum um afmarkaða þætti raunfærnimats/gæði í raunfærnimati
- Þrjú fréttabréf um raunfærnimat til samstarfsaðila (Snepill)
- Vinnufundir innanlandshóps NVL um raunfærnimat
- Kynningarefni og fyrirlestur vegna þátttöku í Raunfærnimatstíæringnum í Berlín
- Heimsóknir til fjögurra samstarfsaðila í raunfærnimati

## FERLI FYRIR RAUNFÆRNIMAT BYGGT Á HÆFNIGREININGUM STARFA

Til þess að hægt sé að framkvæma raunfærnimat sem byggir á hæfnigreiningum starfa þarf að vinna nákvæma matslista þar sem viðfangsefni starfsins, eins og þau birtast starfsfólki, eru í forgrunni. Það er forsenda fyrir því að þátttakendur í raunfærnimati geti unnið það sjálfsmat sem nýtt er í matssamtalinu.

Á árinu var þróað ferli til að vinna matslista fyrir raunfærnimat upp úr niðurstöðum hæfnigreiningar og starfaprófíls. Ferlið var prufukeyrnt og slípað til í tilraunaverkefninu Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins, þar sem unnir voru matslistar upp úr hæfnigreiningum fimm starfa til að nota í raunfærnimati. Fagaðilar og matsaðilar fóru yfir viðmið matslistanna og veittu endurgjöf um ferlið. Þátttakendur hafa tekið framsetningunni vel.

## RAFRAENT RAUNFÆRNIMAT

IÐANA fræðslusetur hefur haft frumkvæði að því að gera ferli raunfærnimats rafrænt og kemur FA að þeirri vinnu. Ætlunin er að nýta niðurstöðurnar í raunfærnimati á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Stefnt er að því að ferlið verði fullgert árið 2020. Rafrænt ferli mun bæta aðgengi að raunfærnimati, minnka vinnu við utanumhald og tryggja að unnið sé eftir ákveðnu gæðaferli.

## RANNSÓKN OG STÖÐUSKÝRSLA FYRIR CEDEFOP

FA hafði umsjón með gagnasöfnun vegna rannsóknar á ráðgjöf í raunfærnimati á vegum CEDEFOP í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur sem var valin sem fyrirmyndardæmi. Í gögnunum kemur áhersla íslenska kerfisins á ráðgjöf í öllu raunfærnimatsferlinu vel fram. Jafnframt skilaði FA stöðuskýrslu til CEDEFOP um raunfærnimat inn í evrópska samantektarskýrslu: European Inventory on validation of non-formal and informal learning. Sú greiningarvinna sem ofangreind verkefni krefjast gefur af sér lærdóm sem nýttur er í þróunarstarfi á vettvangi framhaldsfræðslunnar.

## RAUNFÆRNIMAT FYRIR INNFLYTJENDUR

FA og IÐAN fræðslusetur hafa frá 2017 sameiginlega stýrt Evrópuverkefninu VISKA (Visible Skills of Adults, Erasmus+ KA3) fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í því er unnið að leiðum til að opna aðgengi innflytjenda að raunfærnimati og gera færni þeirra sýnilega. Samráðshópur hagsmunaaðila í verkefninu hefur farið yfir áskoranir í menntunarmálum innflytjenda og mynduð hafa verið tengsl við framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda 2015-2019 sem félagsmálaráðuneytið heldur utan um. Jafnframt hefur hópurinn unnið að undirbúningi lokaráðstefnu hérlendis og fylgst með þróun mála í samstarfslöndunum.

Rúmlega helmingur innflytjenda hér á landi er af pólsku bergi brotinn. Í tilraunahluta verkefnisins sem fram fór á árinu fór 51 pólskur innflytjandi í gegnum raunfærnimat hjá IÐUNNI fræðslusetri og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Menntunargestig þátttakenda var frekar hátt og niðurstöður úr raunfærnimatinu góðar eða svipaðar og meðal íslenskra þátttakenda. Ljóst er að bæta þarf upplýsingagjöf um íslenskt menntakerfi og raunverulegt aðgengi inn í það, meðal annars með tungumálastuðningi í námi. Tungumálaerfiðleikar reyndust vera helsta hindrun þess að þátttakendur höfðu ekki aflað sér frekari menntunar eða bætt stöðu sína á vinnu- markaði hér á landi.

Niðurstöður verkefnisins sýna fram á að innflytjendur búa yfir mikilli færni sem þarf að gera sýnilega og meta. Vinna þarf að þýðingu á verkfærum í raunfærnimati, veita matsaðilum sérstaka þjálfun í tengslum við menningarläsi og samstarf við túlka og veita aðgengi að túlkabjónustu. Útbúa þarf ferla innan skólakerfisins til að taka á móti innflytjendum í nám í kjölfar raunfærnimats. Í landsskýrslu verkefnisins sem unnin var í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur og Mennta- vísindastofnun HÍ, má finna nánari upplýsingar um heildarferlið og niðurstöður.



### VISKA - Greinar í raunfærnimati og fjöldi þátttakenda

Grein til mats	Þátttakendur
Húsasmíði	23
Málaraiðn	2
Matartækni	12
Starf þernu	8
Yfirfæranleg hæfni	6
<b>Samtals</b>	<b>51</b>

## SÉRFRÆÐINGANET NVL UM RAUNFÆRNIMAT

Fulltúrar FA í netinu sóttu þrjá fundi á árinu til að afla þekkingar frá öðrum Norðurlöndum um þróun mála og miðla af reynslu frá Íslandi. Verkefni netsins snerust mikið til um gæðamál í formi þróunar veflægra upplýsinga um gæði í framkvæmd, undirbúning og vinnu við Raunfærnimats- tværinginn í Berlín, úrvinnslu upplýsinga um framþróun raunfærnimats í löndunum og undirbúning fundar hér á landi sem og málstofu um raunfærnimat í atvinnulífinu.

## RAUNFÆRNIMAT Á MÓTI VIÐMIÐUM ATVINNULÍFSINS

FA hefur unnið að þróun aðferðafræði og verkfæra í tengslum við raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins í fimm störfum, þar sem aðkoma fyrirtækja er lykilatriði. Um er að ræða tilraunaverkefni fjármagnað af Fræðslusjóði. Markmið þess er að leggja grunn að varanlegu kerfi fyrir raunfærnimat á móti viðmiðum starfa. Verkefnið snýst ekki aðeins um aðferðafræði og framkvæmd heldur einnig um gildi niðurstaðna raunfærnimatsins á vinnu- markaði, varanlega fjármögnun og þjálfun á vinnustað að loknu raunfærnimati. Á árinu vann verkefnastjórn (FA, ASÍ og SA) að undirbúningi tilraunahluta verkefnisins sem fólst í mótun aðferðafræði og vali á störfum. Gerðir voru samningar við fjórar símenntunarmiðstöðvar vegna framkvæmdar og settir voru upp stýrihópar fyrir hvert starf þar sem aðferðafræði var mótuð og verkfæri þróuð í nánú samstarfi við fyrirtækin.

## Helstu afurðir verkefnisins á árinu

- Greiningar í tengslum við val á störfum
- Hæfniviðmið og matslistar fyrir fimm störf
- Aðferðafræði og verkfæri í raunfærnimati fyrir fimm störf
- Almennt kynningarefni um verkefnið
- Kynningarefni til fyrirtækja
- Málstofa um verkefnið í samstarfi við NVL
- Þjálfunarefni og vinnustofur (tvær) fyrir matsaðila og starfsþjálfva
- Stöðuskýrsla verkefnis



## VEL SÓTT MÁLSTOFA

Haldin var málstofa á árinu í tengslum við fund sérfræðingans NVL um raunfærnimat. Hana sóttu fulltrúar SA, ASÍ og þeirra fyrirtækja og annarra sem taka þátt í verkefninu Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins. Á meðal fyrirlesara voru Anni Karttunen frá Globedu í Finnlandi, Pär Sellberg, frá Landskrifstofu fagháskólanáms í Svíþjóð, og Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála hjá Samkaupum. Fram kom mikill og breiður stuðningur við verkefnið; ljóst er að niðurstöðurnar geta haft mikil áhrif á að draga fram hæfni markhóps FA til framtíðar.



FA hafði á árinu umsjón með þróun raunfærnimats til vottunar á hæfni í starfi og til styttingar á Fagnámi verslunar og þjónustu. Um er að ræða fagnám fyrir starfandi verslunarfólk sem býður upp á raunfærnimat þar sem kunnátta og hæfni er metin til eininga á móti kenndum áföngum. Starfsmennta-  
sjóður verslunar og skrifstofufólks (SVS), VR og Verzlunarskóli Íslands þróðu námið en þrjú fyrirtæki tóku þátt í gerð starfstengdra hæfniviðmiða. Mímir-símenntun heldur utan um framkvæmd raunfærnimatsins.

### Yfirlit yfir umfang og þátttöku í verkefninu Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins

Starf	Fyrirtæki	Svæði	Framkvæmdaraðili	Matsaðilar og starfsþjálfar	Fjöldi þátttakenda í mati
Sérhæfður starfsmaður í matvælavinnslu	Sláturfélag Suðurlands	Suðurland	Fræðslunet Suðurlands	8	22
Fulltrúi hjá opinberum stofnunum	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun Vinnuálagstofnun	Norðurland vestra	Starfsmennt	5	16
Verslunarstörf (Fagnám verslunar og þjónustu)	Samkaup Húsasmiðjan Lyfja	Höfuðborgarsvæðið Vesturland Norðurland vestra Austurland Suðurnes Suðurland	Mímir-símenntun	12	19
Þjónusta í sal	Strikið, Bryggjan, Icelandair hotels, Múlaberg bistro og bar (KEA)	Norðurland	SÍMEY	4	414
Móttaka á gististöðum	Strikið, Bryggjan, Icelandair hotels, KEA hotels	Norðurland	SÍMEY	3	Ekki kominn hópur
<b>Samtals</b>				<b>32</b>	<b>71</b>

## HÆFNISÆTUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar er samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins, fræðsluaðila og stjórnvalda um heildstæðar lausnir og úrbætur til að auka hæfni og fagmennsku starfsfólks í ferðaþjónustu á Íslandi.

Hlutverk Hæfnisetsursins er að bjóða fyrirtækjum upp á kortlagningu á þörfum fyrir fræðslu í samstarfi við fræðsluaðila, ráðleggja fræðsluaðilum um fræðsluaðferðir og markaðssetningu fræðslu, leggja til námsefni, þar á meðal rafræna fræðslu, og þróa aðferðir við að meta áhrif fræðslu á rekstur og starfsánægju í fyrirtækjum. Þá hefur Hæfnisetrinu verið falið af aðilum vinnumarkaðarins að koma með tillögur að stefnu fyrir formlegt nám í ferðaþjónustu.

Hæfnisetrið starfar á forsendum ferðaþjónustunnar og í samvinnu við hagaðila.

### Meginverkefni Hæfnisetsursins:

1. Koma á tengslum fræðsluaðila og fyrirtækja í verkefninu Fræðsla í ferðaþjónustu
2. Þróa stafræn verkfæri til að nota í fræðslu
3. Meta þarfir ferðaþjónustunnar fyrir breytt eða nýtt nám í formlega skólakerfinu



## SKÝRSLAN HÆFNI ER GRUNNUR AÐ GÆÐUM KEMUR ÚT

Hæfnisetrið kynnti á árinu skýrslu um framtíðarskipan náms í ferðaþjónustu. Markmiðið með skýrslunni er að miðla sýn atvinnulífs og menntakerfis á nám í ferðaþjónustu þannig að sú sýn geti verið skólum og yfirvöldum leiðarljós í mótun mennta- og hæfnistefnu fyrir greinina. Alls tóku rúmlega 100 manns frá á þriðja tug fyrirtækja þátt í vinnunni, ásamt fulltrúum stéttarféлага, skóla og annarra fræðsluaðila, auk fulltrúa ráðuneyta og stofnana.



## Dæmi um árangur fyrir- tækja að lokinni þátttöku fræðslu í verkefninu Fræðsla í ferðaþjónustu

Starfsánægja jókst úr 3,3 í **4,4**  
(á 1 – 5 skala)

Hrós jókst um **33%**

Kvartanir minnkuðu um **29%**

Skor á Booking.com fór úr 7,9 í **8,3**  
á innan við sex mánaða tímabili

Starfsmannavelta lækkaði á milli ára  
úr 73% í **42%**

Meðmæli starfsfólks með  
vinnustaðnum fór úr einkunn 3,5 í **4,4**

## 3

## RÁÐGJÖF UM NÁM OG STÖRF

FA er í samstarfi við ráðgjafa fræðslu- og símenntunarmiðstöðva um land allt til þess að þróa og stuðla að gæðum á sviði náms- og starfsráðgjafar og heldur jafnframt úti vefnum Næstaskref.is sem er upplýsingakerfi um nám og störf. Eitt af markmiðum FA er að efla sérfræðilækkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa, ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum. Haldnir eru samstarfsfundir með ráðgjöfunum tvisvar á ári. Í samstarfsneti FA eru um 25 til 27 ráðgjafar. Þeirra starf gengur meðal annars út á að vera með kynningarfundir á vinnustöðum, einstaklingsviðtöl og hópráðgjöf, þátttöku í virknaðgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA, meðal annars í gegnum erlend þróunarverkefni. Allar miðstöðvar skila ársskýrslum og tölfraeðiupplýsingum til FA.



## SAMSTARFSFUNDIR MEÐ RÁÐGJÖFUM


Á fundum ársins kom fram aukin þörf fyrir ráðgjöf og þjónustu við fólk af erlendum uppruna. Innflytjendur leita eftir að fá mat á námi erlendis frá, fá aðstoð við að afla starfsréttinda, fara í íslenskunám og fleira. Á árinu var lögð áhersla á ráðgjöf fyrir þennan hóp. Þá er þörf fyrir hugmyndir að nýrri nálgun í ráðgjöf, rafrænni ráðgjöf og skoða þarf tæki og tól til að ná sem best til allra í markhópnum.

## Helstu afurðir á árinu

- Tvö fréttabréf um ráðgjöf til samstarfsaðila (Snepill)
- Sex heimsóknir til fræðsluaðila
- Skilgreining á leiðum til að sporna gegn brotthvarfi úr námsleiðum framhaldsfræðslunnar
- Samantekt á þjónustukönnun fyrir notendur ráðgjafarinnar


Eitt af stóru markmiðunum með ráðgjöf á vettvangi framhaldsfræðslunnar er að hún nái til sem flestra. Mikilvægt er að nálgast einstaklinginn þar sem hann er, til dæmis á vinnustað. Fyrirtækjaheimsóknir skipa þar stóran sess en gengið hefur misvel hjá miðstöðvunum að ná inn til fyrirtækja með kynningar á ráðgjöfinni og verkfærum framhaldsfræðslunnar.

Ráðgjafarviðtöl eftir þjóðerni 2015-2019



Fjöldi einstaklinga af erlendum uppruna sem sækir ráðgjöf hefur aukist á milli ára.

Ráðgjafarviðtöl eftir þjóðerni 2019



Rúmlega helmingur einstaklinga af erlendum uppruna eru Pólverjar.


### SÉRFRÆÐINGANET NVL UM RÁÐGJÖF

Fulltrúi FA sótti fjóra fundi á vegum sérfræðingans NVL um ráðgjöf fullorðinna. Netið tók þátt í Raunfærnimatstæringnum í Berlín. Í netinu var unnið að stefnumótun sem og skilgreiningu á ráðgjöf um nám og störf fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði. Í september var fundað hjá Kompetanse Norge í Tromsø þar sem norski upplýsingavefurinn um nám og störf, Utdanning.no, var meðal annars kynntur.




Fulltrúar FA hafa tekið þátt í fjölbjóðlegum verkefnum tengdum ráðgjöf á síðustu árum svo sem GOAL og VISKA. Áfram verður unnið á grundvelli þessara verkefna. Nýtt Nordplus verkefni sem ber yfirskriftina Starfs- og námsráðgjöf og hæfni í atvinnulífinu fór af stað í haust. Verkefnið snýr að ráðgjöf fyrir fólk á síbreytilegum vinnumarkaði, en örar breytingar kalla á aukna þörf fyrir símenntun og breytingar á starfsvettvangi. Auk FA eru aðilar frá Danmörku og Finnlandi þátttakendur en verkefnið er til tveggja ára.

Staða einstaklinga á vinnumarkaði í ráðgjöf um nám og störf 2019



Aldursskipting einstaklinga í ráðgjöf um nám og störf 2019





## NÆSTA SKREF - UPPLÝSINGAVEFUR

Í lok árs hófst vinna við endurbætta útgáfu sem reiknað er með að fari í loftið 2020. Er henni ætlað að stefna enn lengra við að ýta undir og styðja við almenna náms- og starfsfræðslu og vel upplýst og ígrundað náms- og starfsval.

Náms- og starfsráðgjafar nota vefinn, bæði í skólakerfi og atvinnulífi. Fyrirspurnum varðandi náms- og starfsráðgjöf á netinu hefur fjölgað og er þeim flestum vísað áfram til ráðgjafa símenntunarmiðstöðva; jafnframt hefur almennum fyrirspurnum í tengslum við formlega skólakerfið eða atvinnuleit fjölgað.

### RITSTÝRING

Náms- og starfslýsingarnar, sem mynda grunn vefjarins, eru langflestar unnar með hliðsjón af fyrirleggjandi íslenskum gögnum svo sem frá starfsgreinaráðum eða úr námskrám. Námslýsingar hafa flestar verið lesnar yfir af fulltrúum viðkomandi skóla eða fræðsluaðila og stór hluti starfslýsinga lesinn yfir af fagfélögum eða fagfólki. Einnig eru beinir tenglar inn á vefsvæði einstaka námsleiða og námsbrauta yfirfarnir reglulega. Þar sem FA stendur í dag ein að vefnum er gæðatrygging efnisins hins vegar ekki sú sem þyrfti, nokkuð sem hægt væri að breyta með aðkomu formlega skólakerfisins eða fleiri aðila innan atvinnulífsins og viðeigandi ritstjórn.

### SAMSTARF

Vefurinn Næstaskref.is er byggður upp með markhóp framhaldsfræðslunnar í huga. Með samtali við MMS og mennta- og menningarmálaráðuneytið virðast þó geta skapast spennandi sóknarfæri hvað varðar almenna miðlun upplýsinga um nám og störf í landinu; að hægt verði að hafa eina opinbera miðlæga vefgátt líkt og tíðkast víða í Evrópu. Slík vefgátt ætti að nýtast almenningi ekki síður en ráðgjöfum í atvinnulífi og skólakerfi til að styðja vel upplýst náms- og starfsval. Vefurinn væri þannig hugsaður fyrir allt námsfólk, vinnandi fólk sem vill breyta til í starfi, foreldra, skólakerfi, fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar og námsráðgjafa. Verk- og kostnaðaráætlun til næstu þriggja ára liggur fyrir og hefur verið kynnt fyrrnefndum aðilum með mögulegt samstarf í huga.

Þá virðist vera áhugi á vefnum erlendis frá því fyrirspurnir hafa borist frá OECD og Norrænu ráðherranefndinni.



Þörfin fyrir hlutlægar, aðgengilegar og auðskiljanlegar upplýsingar um nám og störf er afar brýn á tímum þar sem síbreytilegur vinnumarkaður kallar á aukna og markvissa ráðgjöf.



### NÆSTASKREF.IS NOTENDUR 2018-2019

Undanfarið ár hefur almennum notendum vefjarins fjölgað mjög sem hefur ýtt undir þá hugmynd að hann geti þróast í sömu átt og sambærilegir vefir nágrannalanda og orðið alhliða upplýsingagátt um nám og störf á Íslandi.



Vöxtur á milli ára



# 4

## GÆÐI Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

FA fylgir eftir gæðamálum á vettvangi framhaldsfræðslunnar með því að hafa umsjón með gæðavottun (EQM og EQM+) framkvæmdaraðila í tengslum við fræðslustarfsemi, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. FA býður jafnframt upp á stuðning við gæði náms í gegnum þjálfun og ráðgjöf til leiðbeinenda og kennara.

### EQM GÆÐAVOTTUN

Fræðsluaðilar, fyrirtæki og starfsgreinafélög sem bjóða upp á símenntun og fullorðinsfræðslu geta sótt um gæðavottun EQM vegna fræðslu. Auk þess er boðið upp á gæðavottun sem nefnist EQM+ til að uppfylla þarfir fræðsluaðila sem hafa fjölbreytta fræðslustarfsemi, þar sem sett eru viðmið fyrir fræðslu, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Samningur er á milli MMS og FA um að FA sjái um að veita formlegt álit á umsóknnum um viðurkenningu fræðsluaðila. FA gerði samning við Vaxandi ráðgjöf ehf. um gæðaúttektir vegna EQM og EQM+.

Alls hafa 16 fræðsluaðilar sótt um endurnýjun á gæðavottun frá árinu 2017 og einn nýr fræðsluaðili sótti um að fá EQM vottun. Á árinu fengu fimm fræðsluaðilar vottun.

EQM gæðavottun	EQM+ gæðavottun	Í umsóknarferli
Nýi tölvu- og viðskiptaskólinn	Starfsmennt	Þekkingarnet Þingeyinga
Fræðsludeild Landsbankans	Framvegis	Farskólinn á Norðurlandi vestra
	Mímir-símenntun	Fræðslumiðstöð Vestfjarða
	SÍMEY	Símenntunarmiðstöð Vesturlands
	IÐAN fræðslusetur	Viska fræðslu- og símenntunarmiðstöð
	Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Þekkingarnet Þingeyinga
	Austurbrú	Promennt
	Fræðslunet Suðurlands	Rafmennt

EQM gæðavottun er fyrir fræðsluaðila, fyrirtæki og starfsgreinafélög sem bjóða upp á símenntun og fullorðinsfræðslu.

EQM+ gæðavottun er fyrir fræðsluaðila sem hafa fjölbreytta fræðslustarfsemi, þar sem sett eru viðmið fyrir fræðslu, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

## KENNSLUFRAEÐI

Samstarf FA og Menntavísindasviðs HÍ um þróun viðmiða um hæfni leiðbeinenda í framhaldsfræðslu hélt áfram á árinu. Markmið verkefnisins er að búa til verkfæri fyrir þá sem sinna kennslu fullorðinna til að auka hæfni sína á sviðinu og möguleika á að fá hæfnina staðfesta. Í lok árs fór fram hæfnigreining á starfi leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu og starfaprófill var birtur á vef FA.

## ÞVERFAGLEGT NET NVL UM HÆFNI LEIÐBEINENDA

FA tekur þátt í neti á vegum NVL um hæfni leiðbeinenda þar sem markmiðið er að kortleggja hvaða hæfni leiðbeinendur fullorðinna þurfa að búa yfir í norrænu samhengi.

Markmiðið er að ná saman verkefnum, tryggja bein skipti á reynslu og stuðla að útbreiðslu bestu fáanlegra lausna. Stofnaðir voru tveir vinnuhópar til þess að ná til breiðs hóps á Norðurlöndunum. Í öðrum hópnum er áhersla á leiðbeinendur í atvinnulífinu og hinum er áhersla á leiðbeinendur sem vinna með viðkvæmum hópum. Auk fulltrúa FA taka þátt í verkefnahópum sérfræðingur frá Vinnumálstofnun og starfsmannastjóri SS. Verkefnahóparnir hófu vinnu sína í nóvember, í kjölfar ráðstefnu um hæfni leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu sem NVL netið stóð fyrir.



FA veitir formlegt álit á umsóknum um viðurkenningu fræðsluaðila í gegnum samning við MMS. Í gildi er samningur milli FA og Vaxandi ráðgjafar ehf. um gæðaúttektir hjá þeim sem óska eftir að fá vottun.





# 5

## ERLENT SAMSTARF

FA hefur frá upphafi stýrt eða tekið þátt í yfir tuttugu Evrópuverkefnum sem hafa leitt af sér lærdóm inn í starfið, víkkað sjónvildarhringinn og eflt tengslanetið. Flest verkfæranna í verkfærakistu FA hafa sprottið upp úr slíku samstarfi. Hugmyndir byggðar á þörfum hafa verið fléttaðar saman við hugmyndir og lausnir frá öðrum löndum. Þær hafa síðan náð að þróast og slípast til í formi tilrauna sem unnar hafa verið í nánú samstarfi við hagsmuna- og fræðsluaðila. Jafnframt hefur FA tekið þátt í að móta starf NVL með því að hýsa innlendan tengilið þess nets frá 2005.



Helstu verkefni í erlendu samstarfi árið 2019

Heiti verkefnis	Áhersla	Fjármögnun
VISKA	Raunfærnimat innflytjenda	Erasmus KA3
UP-AEPRO	Leiðir í hæfnipróun fyrir markhópinn	NVL/Erasmus KA2
Enterprised	Hæfni fullorðinsfræðara/miðlun náms	Erasmus KA2
Starfsþróun starfsmanna	Námsheimsóknir	Erasmus KA1 17-19
Starfsþróun starfsmanna	Námsheimsóknir	Erasmus KA1 19-21
European Inventory	Stöðuskýrsla fyrir Ísland	CEDEFOP skýrsla
Ráðgjöf í raunfærnimati	Rannsókn á framkvæmd	CEDEFOP rannsókn
Ráðgjöf í raunfærnimati	Skýrsla um stöðu mála	NVL
Nordplus	Starfs- og námsráðgjöf og hæfni í atvinnulífni	Sérfræðingarnet NVL um ráðgjöf

### AUKIN HÆFNIÞRÓUN MARKHÓPSINS - ÞÁTTTAKA Í EVRÓPUVERKEFNI (UP-AEPRO) MEÐ NVL

Á árinu leitaði NVL til FA vegna þátttöku í Evrópuverkefninu Upskilling Pathways - Adult Educator Professionals (UP-AEPRO) sem Evrópusamtök í fullorðinsfræðslu (EAEA) stýra. Í því er árangursríkum verkefnum og aðferðum miðlað í gegnum fjarerindi til fagfólks og stefnumótenda í fullorðinsfræðslu. FA hefur miðlað upplýsingum í gegnum fjarerindi um raunfærnimatskerfið og aðkomu atvinnulífsins í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og raunfærnimat og ráðgjöf í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur. Önnur samstarfslönd hafa einnig miðlað efni sem nýtist við þróun hugmynda á vettvangi framhaldsfræðslunnar hér á landi. Litið er til hæfnistefnu Evrópusambandsins, staða landa skoðuð og því velt upp hvernig efla megi áherslur innan landanna. FA hefur sótt tvo þróunarfundi í verkefninu. Bakhópur verkefnisins hér á landi samanstendur af verkefnastjórum úr framhaldsfræðslunni sem taka virkan þátt í yfir 20 fjarerindum á vegum þess.



Hæfnistefna ESB (Upskilling pathways) snýst um að gera hæfni sýnilega, vinna að raunfærnimati og bjóða upp á sérsniðnar námsleiðir fyrir einstaklinga í markhópnum.

## AUKIN TENGING ATVINNULÍFS OG FRÆDSL

FA leiðir Erasmus verkefnið Enterprised í samstarfi við fullorðinsfræðsluaðila frá Austurríki, Noregi og Spáni. Verkefnið hófst á haustmánuðum og lýkur í ágúst 2021. Í því er lögð áhersla á að efla og þróa hæfni leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu í að miðla starfstengdu námi á árangursríkan hátt til fólks á vinnumarkaði. Námi sem snýst um áskoranir í daglegum störfum í ferðapjónustu og er skipulagt í samstarfi við atvinnurekendur í ferðapjónustu.

**Unnið verður að þróun þriggja afurða í verkefninu:**

1. Raundæma úr atvinnulífinu
2. Leiðbeininga um hvernig hægt er að nota raundæmin við kennslu og þjálfun
3. Leiðbeininga fyrir fræðsluaðila og ferðapjónustuaðila – vettvangsþjálfun leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu

Með þessum þremur afurðum er stefnt að því að efla gæði náms með aukinni hæfni leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu og tengingu við atvinnulífið. Þannig eiga námsmenn kost á því að fá þjálfun sem miðast við starfstengdar aðstæður og eru betur í stakk búnir til að mæta þörfum atvinnulífsins.

Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn með aðilum frá samstarfslöndunum þremur. Hófst þá vinna við fyrstu afurðina með rýnihópum, fulltrúum fyrirtækja og verkefnastjórum af vettvangi framhaldsfræðslunnar.

## NORRÆNT TENGLANET UM NÁM FULLORÐINNA

Móðurnet NVL er skipað fulltrúum frá öllum Norðurlöndum auk tengiliða frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum ásamt framkvæmdastjóra, verkefnastjóra og vefstjóra. NVL starfrækir einnig fjölda annarra tengslaneta undir stjórn og ábyrgð fulltrúa landanna. Í tengslanetunum eru sérfræðingar og fulltrúar stofnana og samtaka á ýmsum sviðum meðal

annars læsi, sjálfbærni, menntun fanga, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. NVL hvetur til þverfaglegs samstarfs á milli ólíkra tengslaneta, stofnar til nýrra sérfræðineta og eflir með því norrænt samstarf.

Fjórir sameiginlegir fundir fóru fram á árinu. Sá fyrsti í Reykjavík, því næst í Osló, Árósum og Stokkhólmi. Á fundinum í Reykjavík sátu jafnframt stjórnendur þeirra stofnana sem hýsa NVL á Norðurlöndum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins (European Agenda for Adult Learning) og EPALE. Á fundum móðurnetsins er rætt um stöðu fullorðinsfræðslunnar á Norðurlöndum og þau verkefni sem eru á dagskrá í netum og í viðkomandi löndum.

### ÍSLAND GEGNDI FORMENNSKU Í NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI ÁRIÐ 2019

Í tilefni af formennsku Íslands stóðu menntamálaráðuneytið, FA, NVL og EPALE fyrir skapandi vinnustofu um heimsmarkað Sameinuðu þjóðanna þann 10. október sem bar titilinn Clever Competence. Þátttakendur voru ungt fólk á aldrinum 18-30 ára frá öllum Norðurlöndunum. Dagskráin var tvískipt, fyrst heimssókn í CCP þar sem rætt var um þá möguleika sem felast í tölvuleikjum til menntunar og þjálfunar, og svo vinnustofur í Borgarleikhúsinu. Þemu dagsins voru menntun, inngilding (e. social inclusion), sjálfbærni og framtíðin. Stjórnendur á vinnustofunum voru Tryggvi Thayer, Kristín Vilhjálmstöttir og kennarar frá Keili.



## STÝRING SÉRFRÆÐINETA

Eitt af verkefnum NVL á Íslandi er að leiða hóp sérfræðinga í ráðgjöf á Norðurlöndum. Það net hittist fjórum sinnum á árinu. Netið tók þátt í Raunfærnimatstíværingnum í Berlín og vann að uppfærslu á stöðu samþættingar í náms- og starfsráðgjöf á Norðurlöndum.

## STARFIÐ Á ÍSLANDI

Á fyrsta viðburði ársins á vegum NVL voru leiðarljós formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni kynnt og fulltrúar Íslands í ýmsum netum NVL greindu frá áherslum sinna hópa í starfinu.

Næsti fundur vegna formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni var haldinn með móðurneti og starfsmönnum NVL, framkvæmdastjórum stofnana sem vista tengiliði í löndunum, fulltrúum Norðurlandanna í Evrópuáætlun um nám fullorðinna og fulltrúum landanna í EPALÉ. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Samtaka atvinnulífsins og þar kynntu fulltrúar landanna meðal annars áherslur sínar í sérstökum verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu. Gott samtal var einnig um norræna og evrópska samvinnu og hlutverk NVL á því sviði.

## Í haustbyrjun komu þrjú starfandi net til landsins og héldu fundi og málstofur.

1. Alfaráðið, sem sinnir verkefnum á sviði tungumálakennslu fyrir innflytjendur, hélt málstofu um læsi fullorðinna í Norræna húsinu. Á málstofunni héldu tveir meðlimir Alfaráðsins, Breathe Linnerud, ráðgjafi hjá Kompetanse Norge, og Elisabeth Bergander, tölvu- og tungumálakennari við símenntunarmiðstöðina í Sandvika í Noregi, erindi um læsi og stafræna færni.
2. Net um raunfærni ásamt FA stóðu fyrir málstofu um raunfærnimat í atvinnulífinu. Þar kynntu fulltrúar FA, framvindu verkefnisins Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins.
3. Net um hæfni í atvinnulífinu, sem FA og SAF eiga fulltrúa í, stóð fyrir málstofu um arðsemi fjárfestingar (ROI) í þjálfun og símenntun. Þar kynnti meðal annars framkvæmdastjóri FA mælingar Hæfnisetursins á arðsemi fræðslu.

## MÁLSTOFA UM ARÐSEMI FRÆÐSLU

Kristján Jóhann Kristjánsson, hótellstjóri á Hótel Kletti, var á meðal fyrirlesara á málstofunni um arðsemi fjárfestingar í þjálfun og símenntun sem haldin var af NVL í vetur í samstarfi við FA og SAF. Hann sýndi á áþreifanlegan hátt með því að vísa í skor á Booking hvernig fræðsla og þjálfun getur aukið samkeppnishæfni fyrirtækja. Hótel Klettur tekur þátt í verkefnum Fræðsla í ferðapjónustu með Hæfnisetrunu og Gerum betur.



Fjöldi þátttakenda í NVL viðburðum á Íslandi árið 2019







## DIALOGWEB OG FRÉTTABRÉF NVL

Eitt mikilvægasta verkefni NVL er að miðla upplýsingum um verkefni, aðferðir og aðgerðir er varða fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum. Á vef NVL eru upplýsingar um starfsemi NVL og í veftímaritinu DialogWeb birtast nýjar greinar í hverri viku. Fulltrúi Íslands í ritstjórn er sérfræðingur hjá FA.

Undanfarin ár hefur NVL einnig gefið út fréttabréf. Á þriðja þúsund áskrifendur hvaðanæva að á Norðurlöndum fá í hverjum mánuði glóðvolgar fréttir af því sem efst er á baugi í menntamálum norrænu landanna. Fréttirnar eru yfirleitt á skandinavísku málunum (dönsku, norsku og sænsku), en hluti þeirra er jafnframt á íslensku og finnsku.

### Samstarfsaðilar NVL á Íslandi 2019

ASÍ	Kvasir
Borgarleikhúsið	Leikn
EPALE	Mennta-og menningarmálaráðuneytið
Euroguidance	Mímir-símenntun
Fangelsismálastofnun	MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Fjölsmiðjan	Námsflokkar Reykjavíkur
Fræðslunet Suðurlands	Norræna húsið
Hringsjá	Rannís
IDAN fræðslusetur	SAF
Félag náms-og starfráðgjafa	Samfés
Háskóli Íslands deild erlendra tungumála	SÍMEY
Háskóli Íslands menntavísindasvið	Starfsmennt
Keilir	

# 6

## KYNNINGARMÁL

FA safnar og miðlar upplýsingum allt árið um kring. Liður í því er útgáfa ýmiss konar fréttafnis, meðal annars fréttabréfsins Snepils, en FA nýtir í auknum mæli vef- og samskiptamiðla til að koma efni sínu á framfæri. Þá stendur FA fyrir fjölda smærri og stærri viðburða, í samvinnu við samstarfs- og hagsmunaaðila, til að hvetja til umræðu um vettvang og markhóp framhaldsfræðslunnar.

FA heldur úti fjórum vefjum sem hver um sig hefur skilgreind markmið og markhóp. FA og Hæfnisetrið eru auk þess á samfélagsmiðlinum Facebook. Áhersla er lögð á áreiðanleika upplýsinga og læsilegan texta í samræmi við notagildi vefjanna og þarfir helstu markhópa. Vefirnir eru endurskoðaðir og uppfærðir reglulega í samvinnu við Konsept auglýsingastofu.

[frae.is](http://frae.is)  
[haefni.is](http://haefni.is)  
[gatt.frae.is](http://gatt.frae.is)  
[naestaskref.is](http://naestaskref.is)

### GÁTT ORÐIN AÐ VEFTÍMARITI

Ný Gátt fór í loftið á árinu á sérhönnuðum vef. Í Gátt eru greinar um rannsóknir og lausnir í fullorðinsfræðslu og símenntun. Ætlunin er að ná til þeirra sem sinna fræðslumálum en jafnframt höfða til þátttakenda í símenntun og þeirra sem hafa áhuga á því að kynna sér það sem er í deigluinni.

Á árinu voru birtar 11 greinar á nýja vefnum um fjölbreytt efni sem tengist fræðslu fullorðinna eftir innlenda og erlenda höfunda.



### FJÖLDI VIÐBURÐA Á VEGUM FA OG NVL Á ÍSLANDI 2019

Námskeið og vinnustofur Ráðstefnur og málstofur

13

7

20 viðburðir  
878 þátttakendur



## 7

## REKSTUR

Félagið skilaði rúmlega 4,3 m.kr. hagnaði á árinu. Auknar verkefnatekjur má að mestu leyti rekja til umsvifa Hæfniseturs ferðþjónustunnar, NVL, Evrópurverkefnisins VISKA og tilraunaverkefnisins Raunfærnimat á mótí viðmiðum atvinnulífsins.

Þó launakostnaður FA virðist lækka milli ára er ekki svo; ástæða þess er að launakostnaður einstakra verkefna, eins og Hæfnisetur ferðþjónustunnar er færður beint á verkefni og laun því hluti af rekstrar- og verkefnakostnaði.

Rekstur	2019	2018	Breyting
Rekstar- og fjáreignartekjur	270,2	229,4	18%
þ.a. framlag ríkisins	134,6	131,2	3%
þ.a. verkefna- og fjáreignatekjur	135,6	98,2	38%
Rekstrar- og fjáreignagjöld	265,9	227,1	17%
þ.a. laun- og launatengd gjöld	116,7	118,3	-1%
þ.a. rekstrar- og verkefnakostnaður	149,2	108,8	37%
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>4,3</b>	<b>2,3</b>	

Upphæðir eru í m.kr.

## MANNAUÐUR

Í árslok 2019 var starfsfólk FA 17 talsins, 13 konur og 4 karlar. Ársverk voru samtals 16,8. Fjöldi verkefnastofna gerir kröfu um að sérfræðingar FA búi yfir víðtækri þekkingu og reynslu. Áhersla er lögð á samvinnu starfsfólks og að nýta styrkleika þeirra og þekkingu í gegnum teymisvinnu innan hvers verkefnastofns, sem einn til tveir sérfræðingar verkstýra. Starfsfólk getur verið í fleiri en einum verkefnastofni.

Áfram var unnið að endurbótum á starfsumhverfinu. Í byrjun árs var settur upp skjár í fundarherberginu sem kemur í stað skjávarpa, um leið var sett upp vefmyndavél og aðstaða til fjarfunda bætt. Flest starfsfólk er komið með lyftuborð og eykur það möguleika á breyttum vinnustellingum. Nýir stólar voru keyptir á árinu í sameiginlega kennslustofu FA og Starfsmenntar og nýjar gardínur keyptar í þær skrifstofur sem snúa í norður og vestur; þar með er lokið endurnýjun á öllum gardínum. Bæta þær bæði birtustýringu og hljóðvist.

Undanfarin ár hefur markviss fræðsluáætlun verið í gildi hjá FA. Var engin breyting þar á árið 2019. Stærsta einstaka fræðsluverkefnið sem ráðist var í var vinna við stefnumótun og markaðssetningu starfseminnar sem náði til alls starfsfólks. Farið var yfir grunnatriði í markaðssetningu í nokkrum lotum undir handleiðslu sérfræðings og vann starfsfólk ýmis verkefni í tengslum við það.

Auk þess sótti starfsfólk námskeið sem tengdust þeirra sérsviði eða styrktu þá á annan hátt. Í erlendu samstarfi FA felst stöðug símenntun og öflugur hvati til þróunar á vettvanginum sem skilar sé bæði beint og óbeint inn í allt starf FA.





# FA HVETUR TIL SAMTALS Á SEM FJÖLBREYTTUSTUM VETTvangi





